

L Ö G

um Alþýðubankann h.f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heiti Alþýðubankinn h.f. Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er hafi það að markmiði að efla atvinnuþróun og treysta atvinnuöryggi launafólks, svo og að styðja menningarlega og félagslega starfsemi verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi.

2. gr.

Hlutafé félagsins skal nema eigi minna en 40 milljónum króna. Alþýðusamband Íslands og verkalýðsfélög innan þess skulu safna innan sinna vébanda og leggja fram hlutafé að fjárhæð 40 milljónir króna.

Ábyrgðarmenn Sparisjóðs alþýðu skulu hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri fjárhæð núverandi hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Sparisjóðs alþýðu. Þessi réttur gildir í sex mánuði frá því að ábyrgðarmenn hafa með fundarsamþykkt ákveðið að leggja niður sparisjóðinn með þeim hætti, er segir í 4. gr.

Innan níu mánaða frá því að lög þessi öðlast gildi skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins.

3. gr.

Heimili og varnarþing Alþýðubankans h.f. er í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú og umboðsskrifstofur, sbr. þó 10. gr. laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

4. gr.

Alþýðubankinn h.f. skal taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Sparisjóðs alþýðu og starfsemi hans og koma að öllu leyti í hans stað, enda samþykki meiri hluti ábyrgðarmanna Sparisjóðs alþýðu þá yfirtöku.

5. gr.

Stjórn félagsins (bankaráð) skal kosin á aðalfundi ár hvert. Skal hún skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

6. gr.

Stjórn félagsins ræður bankastjóra, einn eða fleiri, ákveður ráðningarkjör og setur bankastjóra erindisbréf.

7. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Í samþykktum og reglugerð skal setja nánari ákvæði um félagið og bankann. Skulu þar á meðal vera ákvæði um aukningu hlutafjár, aðilaskipti að hlutabréfum og endurskoðun á reikningum bankans (félagsins). Samþykktir og reglugerð bankans (félagsins) skulu vera háð staðfestingu viðskiptaráðherra.

8. gr.

Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningum og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur innlánsvöxtum af sparifé á almennum bófum, unz innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu.

9. gr.

Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.:

- a) Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.
- b) Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
- c) Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda.
- d) Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
- e) Að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa eða selja nema í umboði annarra.
- f) Að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

10. gr.

Bankinn skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessi skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar bankans (bankaráðs), telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

11. gr.

Bankinn skal njóta sömu réttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19., 21. og 23. gr. laga nr. 11 frá 29. marz 1961.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.